

Reykjavík, 13. september 2021  
2109094/0.5.0

## Dreifibréf embættis landlæknis Nr. 1/2021

### Tilkynning frá sóttvarnalækni

#### Efni: Bólusetning gegn árlegri influensu

Inflúensubóluefni verður tilbúið til afhendingar frá dreifingaraðila 15. október nk. Bóluefni sem notað verður í bólusetningum veturinn 2021-2022 samkvæmt samningum sóttvarnalæknis við Vistor er:

- [Vaxigrip Tetra](#) – 95.000 skammtar skv. samningi við útboð 2019 og viðaukasamningum 2021.

Dreifingu bóluefnis í október verður forgangsraðað til heilbrigðisstofnana og hjúkrunarheimila en aðrir sem fá úthlutað bóluefni fá það afhent eftir 1. nóvember. Þessi tilhögun verður líka kynnt almenningi.

Magn bóluefnis sem aðilar sem sinna bólusetningum geta pantað miðast við það magn sem áætlað var í könnun sóttvarnalæknis nú í sumar nema annað hafi komið fram í samskiptum sóttvarnalæknis við ábyrgðaraðila bólusetninga. Frá 15. nóvember falla niður merkingar sóttvarnalæknis á bóluefni sem ekki hefur verið pantað.

Afhending er ókeypis frá seljanda til kaupenda hjá Distica hf., á höfuðborgarsvæðinu og á pósthús eða viðeigandi flutningamiðstöð til kaupenda utan fyrrgreinds svæðis. Allir sem panta bóluefnið hjá Distica þurfa að greiða fullt innkaupsverð bóluefnanna skv. samningum sóttvarnalæknis við Vistor og ræðst endanlegt verð af lyfjaverðskrárgengi septembermánaðar 2021, 901 kr. án vsk., **1.117 kr. m/vsk.**

Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við inflúensubólusetningar:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Barnshafandi konur.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

**Sóttvarnalæknir mælist til þess að ofangreindir forgangshópar fái bóluefnið sér að kostnaðarlausu** en til að svo megi verða þarf einungis að krefja þessa einstaklinga um greiðslu fyrir umsýslukostnaði.

Sóttvarnalæknir endurgreiðir innkaupsverð bóluefnisins fyrir þessa forgangshópa (ekki umsýslukostnað) en þá þarf að senda reikning á [rafrænu formi](#) til embættis landlæknis **fyrir 1. júní 2022.**

Einnig þarf að senda rafrænt fylgiskjal á excel-formi samhliða reikningi til sóttvarnalæknis með upplýsingum um hina bólusettur: Kennitölu, dags. bólusetninga, nafni bóluefnis og hvaða áhættuhópi einstaklingarnir tilheyra.

Nánari upplýsingar gefur Júlíana Héðinsdóttir í tölvupósti: [juliana@landlaeknir.is](mailto:juliana@landlaeknir.is)

Sóttvarnalæknir